



Borgarráð

Reykjavík, 14. september 2026

MSS26080080

Opinber heimsókn og vinaborgarsamstarf við Tama borg

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavík og Tama borg í Japan verði vinaborgir. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að bjóða fimm manna sendinefnd frá Tama borg í opinbera heimsókn til Reykjavíkur í október þar sem vinaborgarsamningur verður undirritaður. Reykjavíkurborg greiðir kostnað við gistingu, uppihald og akstur sendinefndarinnar.

Greinargerð:

Tengsl Reykjavíkurborgar og Tama-borgar í Japan eiga rætur að rekja til undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í Tókýó árið 2020. Tama-borg varð þá gestgjafaborg íslenska Ólympíuhópsins og Ólympíuhóps fatlaðra og tók á móti íslenskum íþróttamönnum fyrir leikana árið 2021. Í kjölfarið þróaðist samband milli Tama-borgar og Íslands, meðal annars í samstarfi við íslenska sendiráðið í Japan.

Tama-borg hefur frá þessum tíma lagt sérstaka áherslu á Ísland og íslenska menningu. Árlega er haldin svokölluð Iceland Week í kringum þjóðhátíðardag Íslands 17. júní og hefur borgin meðal annars staðið fyrir menningarviðburðum, kynningu á íslenskum mat og menningu og fræðslu fyrir íbúa og skólasamfélagið. Árið 2022 heimsótti Guðni Th. Jóhannesson, þá forseti Íslands, Tama-borg og þakkaði borginni fyrir móttökur hennar á íslensku ólympíuförum.

Þann 28. maí 2025 heimsótti Heiða Björg Hilmisdóttir, þáverandi borgarstjóri Reykjavíkur, Tama-borg og undirritaði ásamt Hiroyuki Abe, borgarstjóra Tama, viljayfirlýsingu um uppbyggingu vináttu- og samstarfstengsla milli borganna. Í viljayfirlýsingunni er sérstaklega horft til samstarfs á sviði menntunar, menningar og íþróttar, auk mögulegra nemenda- og kennaraskipta og miðlunar á þekkingu og reynslu borganna.

Tama-borg hefur núþegar komið á tengslum við Laugalækjarskóla og vorið 2026 fór hópur kennara frá skólanum í heimsókn til Tama. Með þessu hafa skapast tengsl milli skólasamfélaga borganna og grundvöllur fyrir áframhaldandi samstarf.

Málið er því komið á þann stað að eðlilegt er að Reykjavíkurborg fylgi undirritaðri viljayfirlýsingu eftir með formlegum vinaborgarsamningi. Ákvörðun um að þróa þetta samband var tekin á fyrra kjörtímabili og var ferlið komið verulega á veg áður en núverandi meirihluti tók við.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Samningur um samstarf milli Reykjavíkurborgar og Tama borgar.

VINABORGARSAMNINGUR

milli Tama-borgar og Reykjavíkurborgar

Íslensk þýðing. Gildistextar samningsins eru á japönsku og ensku, sbr. 3. gr.

Tama-borg og Reykjavíkurborg (hér eftir sameiginlega nefndar „samningsaðilar“ og hvor um sig „samningsaðili“) gera formlega með sér vinaborgarsamning, í því skyni að efla enn frekar þau vináttu- og samstarfstengsl sem þegar hafa skapast og stuðla að auknum alþjóðlegum gagnkvæmum skilningi og samstarfi milli borganna og íbúa þeirra, með eftirfarandi hætti:

1. Tilgangur

Samningsaðilar stefna að því að efla viðvarandi samskipti og samstarf borganna á ýmsum sviðum, svo sem á sviði menntunar, menningar, íþróttar og ferðaþjónustu, með það að markmiði að stuðla að gagnkvæmum skilningi og þróun beggja borganna.

2. Skipulag samstarfs

Reglulegir samráðsfundir milli samningsaðila skulu haldnir í því skyni að miðla upplýsingum um árlegar áætlanir um samskipti og samstarf og um framvindu þeirra.

3. Tungumál

Samningur þessi skal gerður á japönsku og ensku og skulu báðar útgáfur hafa sama lagalega gildi.

4. Breytingar

Samningur þessi öðlast gildi frá þeim degi er báðir borgarstjórar hafa undirritað hann.

Allar breytingar á samningnum eða slit hans skulu ákveðin með skriflegu samkomulagi borganna.

5. Önnur ákvæði

Málefni sem ekki er kveðið á um í samningi þessum skulu ákveðin með frekari viðræðum milli borganna og eftir atvikum tekin fyrir í viðbótarsamningum eða með öðrum viðeigandi hætti.

Til staðfestingar

Til staðfestingar á framangreindu hefur samningur þessi verið gerður á ensku og japönsku í tveimur eintökum á hvoru tungumáli. Hvor samningsaðili heldur eftir einu eintaki á ensku og einu eintaki á japönsku.

Dagsetning undirritunar: ●. ● 2026

Fyrir hönd Tama-borgar, Tókýó, Japan

_____borgarstjóri

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar, Ísland

_____borgarstjóri

(案)

レイキャビク市・多摩市 姉妹都市締結協定書

レイキャビク市と多摩市（以下「両当事者」という。）とは、これまでの友好協力関係を一層促進し、両市および市民の国際的相互理解と連携の深化を図るため、姉妹都市として正式に提携することに合意し、以下の通り協定を締結する。

1. 目的

両当事者は、本協定を通じて、教育、文化、スポーツ、観光など多岐にわたる分野において持続的な交流を推進し、相互理解の促進と両市の発展に寄与することを目的とする。

2. 協働体制

定期的に連絡会議を開催し、年間交流計画や進捗状況を共有する。

3. 言語

本協定書は、日本語及び英語を等しく正文とし、両言語が同一の効力を有する。

4. 変更

本協定は、両市長の署名日から有効とし、内容を変更または終了する場合、両市が書面合意をもって定めるものとする。

5. その他

本協定に定めのない事項は、両市が協議の上、別途補足合意書等で定める。

以上、本協定の成立を証するため、英語及び日本語で署名された各言語2通を作成し、各自英語及び日本語の各1通を保有する。

署名の日：2026 年●月●日

アイスランド レイキャビク市

レイキャビク市長

●● ●●

日本国 東京都 多摩市

多摩市長

●● ●●

(案)

Sister City Agreement between Tama City and Reykjavik City

Tama City and Reykjavik City (hereinafter referred to as "the Parties") hereby agree to officially establish a sister city partnership to further promote their existing friendship and cooperative relationship, and to deepen international mutual understanding and collaboration between the two cities and their citizens, as follows:

1. Purpose

The Parties aim to promote sustainable exchanges in various fields such as education, culture, sports and Tourism through this agreement, thereby contributing to mutual understanding and the development of both cities.

2. Collaborative Structure

Regular liaison meetings will be held to share annual exchange plans and progress.

3. Language

This agreement shall be equally valid in both Japanese and English, and both languages shall have the same legal effect.

4. Amendments

This agreement shall become effective from the date of signature by both mayors. Any changes to the contents of this agreement shall be determined by mutual written agreement between the two cities.

5. Miscellaneous

Matters not stipulated in this agreement shall be defined through further negotiations between the two cities and may be addressed in supplemental agreements, etc.

In witness whereof, this agreement has been drawn up in English and Japanese, with two copies in each language, allowing each party to retain one copy in English and one in Japanese.

Date of Signature: ●. ●, 2026

For Tama City, Tokyo Japan

●● ●●, Mayor

For Reykjavik City, Iceland

●● ●●, Mayor